

## **Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stjórnsýsluúttekt á Álfabakkamálinu**

Lagt er til að innri endurskoðun borgarinnar verði falið að gera ítarlega stjórnsýsluúttekt á skipulagsferlinu er varðar Álfabakka 2a, Suður-Mjódd. Í úttektinni verði meðal annars tekið tillit til:

1. Ákvarðanatökuférlisins í málinu.
2. Tímalínu málsins, frá upphafi til loka.
3. Regluverksins og framkvæmd þess, með áherslu á hvort farið hafi verið eftir gildandi lögum og reglum
4. Eftirlitsferla, með sérstakri áherslu á hvernig staðið var að eftirliti við byggingu skemmunar
5. Athugasemda íbúa og hvernig unnið var úr þeim athugasemdum

Jafnframt er lagt til að innri endurskoðun fylgi úttektinni eftir með virku eftirliti, sem byggir á niðurstöðum hennar, til að stuðla að nauðsynlegum umbótum og auknu trausti á skipulagsferlum borgarinnar. Mikilvægt er að öllum steinum verði velt við til að greina veikleika í stjórnsýslunni og tryggja að slík mistök endurtaki sig ekki í framtíðinni.

### **Greinargerð**

Málið varðar grundvallarspurningar um trúverðugleika, ábyrgð og fagleg vinnubrögð borgarinnar í skipulagsmálum. Með heildstæðri úttekt og virkri eftirfylgni er hægt að tryggja að lærdómur verði dreginn af mistökunum, með það að markmiði að borgarstjórn taki nauðsynleg skref til umbóta og endurheimti traust íbúa.

Umboðsmaður Alþingis eða innri endurskoðun ættu í raun að hefja frumkvæðisathugun á málinu, þar sem það varðar á beinan hátt hvernig stjórnsýslan getur íþyngt landsmönnum – bæði fjárhagslega og í formi skertra lífsgæða – með ónákvæmri eða óvandaðri ákvarðanatöku. Skipulagsákvarðanir af þessari stærðargráðu snerta ekki aðeins borgarbúa heldur hafa þær víðtæk áhrif á allt samfélagið, sem treystir á faglega stjórnsýslu, gagnsæi og réttláta ákvarðanatöku.

Ábyrg stjórnsýsla felst í því að læra af mistökum og bregðast við með skilvirkum og trúverðugum hætti. Nauðsynlegt er að fyrirbyggja að slík mistök endurtaki sig í þeirri viðleitni að stuðla að auknu trausti til stjórnkerfisins.